



# BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS HF

Aðalbanki Austurstræti 5, 155 Reykjavík  
Sími: 525 6000 Telefax: 525 6119 Kennitala: 490169-1219

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Bankastjórn

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1569  
komudagur 22.3.2001

Reykjavík 20. mars 2001.

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, sala hlutafjár ríkissjóðs.

Visað er til bréfs yðar dags. 16. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Búnaðarbanka Íslands hf. um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 521. mál, sala hlutafjár ríkissjóðs.

Búnaðarbanki Íslands hf. var skráður á Verðbréfabingi Íslands þann 17. desember 1998 í kjölfar vel heppnaðs hlutafjárútboðs sem rúmlega 92 þúsund manns tóku þátt í. Í desember 1999 samþykkti Alþingi síðan heimild til að selja 15% af hlut ríkisins í Búnaðarbankanum og var eignarhlutur ríkissjóðs í bankanum eftir söluna um 72%.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999 segir að "hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum." Í samræmi við þetta markmið ríkisstjórnarinnar er umrætt frumvarp lagt fram.

Verði framangreint frumvarp að lögum er stefnt að því að sala á hlutafé ríkissjóðs í Búnaðarbankanum hefjist árið 2001 og ljúki fyrir lok kjörtímabilsins árið 2003. Áhersla verður lögð á sölu til almennings og tilboðssölu og gert er ráð fyrir að framkvæmdanefnd um einkavæðingu muni gera tillögur til viðskiptaráðherra um fyrirkomulag þeirrar sölu. Einnig er gert ráð fyrir að kannaður verði áhugi kjölfestufjárfesta um kaup á stórum hlut í bönkunum og í því sambandi sérstaklega hugað að fjárfestingu erlends fjármálafyrirtækis. Sérstakur fyrirvari er gerður um að við sölu á hlutafé ríkissjóðs verði ætíð að "taka mið af aðstæðum á hlutabréfamarkaði, öðrum þjóðhagslegum aðstæðum og þeim mögulegu sölutækifærum sem til staðar eru hverju sinni. Því er ekki hægt að ákveða útboð hlutabréfa með löngum fyrirvara."

Búnaðarbanki Íslands hf. fagnar því að umrætt frumvarp er komið fram og lýsir því jafnramt yfir að að bankinn er sammála þeim meginsjónarmiðum sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og fylgiskjölum þess.

Virðingarfyllt

f.h. Búnaðarbanka Íslands hf.

Arni Tómasson bankastj.